



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Eignaskrifstofa

Á fundi borgarráðs 19. janúar 2023 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Flokkur fólksins óskar upplýsinga um skilvirkni og viðbrögð nú þegar myglumálin eru orðin fjölmörg. Hversu langur tími líður frá því að upplýsingar berast um myglu áður en farið er í aðgerðir? Er sérstaklega hlúð að börnum og starfsfólki hvað varðar heilsufar og mat á heilsufarsskaða vegna myglunnar? Frá árinu 2018 hefur greinst mygla í yfir 30 skólahúsum sem aðeins tilheyra borgarreknum leik- og grunnskólum samkvæmt samantekt fréttastofu RÚV frá því í haust. Þá voru yfir 1.200 grunn- og leikskólabörn í húsnæði utan skólalóðar vegna mygluvandamála, 860 grunnskólabörn og 350 leikskólabörn. Síðan þá hafa líklega bæst við hátt í hundrað börn. Mörg þúsund börn verða fyrir raski í skólastarfi vegna myglu og raka. Nýlega bættust við enn fleiri skólar sem glíma við mygluvandamál eða eftirköst vegna myglu. Þetta hefur verið staðfest af sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Nýlega bættust á lista mengaðra skóla Mariuborg, Garðaborg og Hálsaskógur.

Svar við fyrirspurn

Þegar grunur um léleg loftgæði, slæma innivist eða rakaskemmdir í húsnæði á vegum borgarinnar er staðfestur er gerð viðbragðsáætlun af starfsteymi Reykjavíkurborgar. Teymið er skipað verkefnastjórum þess sviðs sem hefur húsnæðið til umráða, stjórnendum á staðnum, verkefnastjórum Eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar, verkefnastjóra frá Umhverfis- og skipulagssviði, mannauðsráðgjafa og fulltrúa frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Grunur er jafnan staðfestur með úttektarskýrslu utanaðkomandi ráðgjafa sem fyrrgreint starfsteymi fundar um að skýrslunni útkominni og ráðgjafar kynna fyrir teyminu. Að jafnaði leggur verkefnastjóri Umhverfis- og skipulagssviðs fram tillögu að mótvægisáðgerðum á fundinum sem jafnan er hrint strax til framkvæmda. Nánari útfærsla er þá útfærð í nánú samráði við stjórnendur á staðnum.

Eftir að skýrsla er gefin út af ráðgjafa sem staðfestir eða eykur grunsemdir um óheilnæma innivist er boðað til fundar starfsteymis eins fljótt og auðið er.



Mótvægisaðgerðir eru skipulagðar og settar í framkvæmd að öllum jöfnu strax í kjölfar fundarins.

Forsendur gruns um slæma innivist eða myglu eru eðli málsins samkvæmt oft heilsufarslegs eðlis hjá notendum húsnæðisins. Starf teymisins hefur þá að sínu meginefni að tryggja fólki sem heilnæmasta innivist. Þegar grunur hefur verið staðfestur og hægt að staðsetja mengun innan húsnæðisins er aðilum sem finna til einkenna beint frá þeim rýmum húsnæðisins. Öllum starfsmönnum Reykjavíkurborgar í húsnæðinu stendur til boða að leita til trúnaðarlæknis. Allt mat á notkunarhæfi rýma og nánari útfærslur á tilfærslum í starfsemi er unnar í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

Virðingarfyllst,
Jón Valgeir Björnsson
Fjármála- og áhættustýring
Eignaskrifstofa